

Gátlisti vegna umsóknar um tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk:

- **Umsókn um tímabundið atvinnuleyfi**
 - Upplýsingar um umsækjanda og atvinnurekanda (reitir I-III)
Fullnægjandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir um báða aðila, þ.á.m. heimilisfang útlendings, bæði hér á landi og í heimalandi.
Tilgreina skal netfang beggja umsækjenda.
Á umsókn skal taka fram fyrirhugaðan ráðningartíma. Í tilviki íþróttafólks er ráðningartími almennt komandi leiktíð eða keppnistímabil.
 - Mikilvægt er að bæði atvinnurekandi og útlendingur skrifi undir umsóknina. Skorti undirskrift annars hvors leiðir það til þess að ekki er hægt að taka umsóknina til afgreiðslu.
- **Ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendings**
 - Ráðningarsamningur skal fylgja umsókn um atvinnuleyfi, en ekki er hægt að vinna úr leyfinu nema að slíkur samningur fylgi umsókn.
 - Samningur þarf að vera undirritaður af báðum aðilum.
 - Koma þurfa fram upplýsingar um vinnufyrirkomulag, launakjör og önnur hlunnindi. Hér undir falla hlunnindi eins og fæði, húsnæði og afnot af bifreið.
 - Gæta þarf að því að launakjör samræmist að minnsta kosti lágmarksframfærsluviðmiðum Útlendingastofnunar á hverjum tíma.
 - Skilyrði er að á ráðningarsamningi séu upplýsingar um þann lífeyrissjóð sem greitt yrði í vegna útlendings.

Gátlisti uppfærður apríl 2021